



Kópavogi 20. nóvember 1997
Tilvísun: 97110032

Alþingi
Nefndasvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um dómstóla, 176 mál.

Af hálfu embættis ríkislögreglustjórans er tekið fram, að sé á heildina litið horfi þetta frumvarp til framfara og ber sérstaklega að fagna skýrari reglum sem mælt er fyrir um, sérstaklega varðandi III. kafla um héraðsdómstóla og IV. kafla um réttindi og skyldur dómara.

Verður nú vikið að fáeinum atriðum eftir því sem ástæða þykir til.

Í 2. gr. frumvarpsins eru umdæmi héraðsdómstóla afmörkuð með upptalningu þeirra sveitarfélaga sem undir þá heyra. Núgildandi reglur sem að mestu taka mið af landfræðilegum mörkum sýslna sýnast mun heppilegri heldur en sú lausn sem lögð er til í frumvarpinu og virðist slík afmörkun hvergi valda vandræðum nema þá helst hér á suðvesturhorninu. Þótt svo sé litið á að sýslur séu ekki lengur til sem lagalega skilgreind landssvæði þykir hentugra að miða við áfram við núgildandi reglur, enda virðist þörf fyrir breyting ekki vera knýjandi með því að rök þau sem tilfærð eru í greinargerð sýnast byggja á því, að skírskotun til sýslumarka geti leitt til óvissu að ýmsu leyti, án þess að það sé skýrt frekar. Hins vegar blasir það við að þær breytingar sem lagðar eru til munu kalla á sífelldar lagabreytingar og nægir þar til að nefna nýlega samþykktar breytingar vegna sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi og í Skagafjarðarsýslu.

Í kafla II. um athugasemdir er gerð grein fyrir tveimur meginbreytingum sem stefnt er að með frumvarpinu, en þær felast í því, að komið verði á fót dómstólaráði, sem fjalli um innri stjórnsýslu héraðsdómstólanna, en nái ekki til Hæstaréttar og svo óháðri nefnd um dómaraströf, en valdsvið þeirrar nefndar taki til allra dómstóla landsins, einnig Hæstaréttar. Um skipun og hlutverk dómstólaráðs eru ákvæði í 13. og 14. gr. frumvarpsins. Er rétt að staldra við 1. og 2. töluliði 1. mgr. 14. gr. sem færir ráðinu í hendur heimild til tillögugerðar um sameiginlega fjárveitingu fyrir alla héraðsdómstóla og til að skipta henni með þeim. Þá skal dómstólaráði falið að ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern sérdómstól og ákveða með flutning dómara milli þeirra, en samkvæmt 15. gr. ákveður dómstólaráð við hvaða héraðsdómstól dómari skuli eiga fast sæti, þó með vissum takmörkunum þar að lútandi.

Að mati undirritaðs hefur sjálfstæði dómstóla verið viðurkennt í verki hér á landi og sýnist ekki bráðnauðsynlegt að ganga jafnlangt og lagt er til í frumvarpinu til að tryggja það, en sú hugsun hvarflar að manni hver eigi að gæta varðmannanna, sem aftur eiga úrskurðarvald um hinar tvær valdastoðir þjóðfélagsins, þ.e. um embættistakmörk yfirvalda skv. 60. gr. stjórnarskrárinnar og hvort löggjafinn hafi haldið sér innan þess ramma sem honum er settur með stjórnarskránni. Í athugasemdum er einnig sumstaðar vikið að því, að varlega muni verða farið með það vald, sem þessi þriðja valdastoð fái, verði frumvarpið að lögum og má leggja þann þann skilning í slíkan fyrirvara, úr því ástæða þótti til að nefna hann, að fullmikið af því hafi verið látið af hendi.

Um önnur atriði frumvarpsins læt ég ósagt, a.m.k. að sinni tímans vegna, en þó sýnist mér að margt horfi til framfara í frumvarpinu sem áður var vafi um og er það tvímælalaust til bóta.

Virðingarfyllst

Þórir Oddsson

